



Stofnfundur Rótaryklúbbsins Borgir Kópavogi

Fundargerð um aðdraganda og stofnun klúbbsins
Apríl 2000

Stofnfundur Rótaryklúbbsins Borgir Kópavogi var haldinn í Félagsheimili
Kópavogs 13. apríl 2000.

Rótaryklúbbur Kópavogs stofnaði klúbbinn í samvinnu við Rótary-
umdæmið á Íslandi

Forseti þakkaði öllum viðstöddum ánægjulegan fund og bað rótarýfélaga úr öðrum klúbbum að skila kveðjum og þökkum til sinna klúbba og þakkaði fundarsetuna og góðar óskir til nýja klúbbsins og óskaði að síðustu öllum fundargestum góðrar heimferðar.

Fundi slitið um klukkan 19:30.

Snorri S. Konráðsson skrifaði fundargerð

Rótarýklúbburinn Borgir Kópavogi

Fundargerð stofnfundar 13. apríl 2000 og aðdragandi stofnunar klúbbsins

Eftirfarandi samantekt var unnin af Gottfreð Árnasyni fyrir hönd undirbúningshóps skipuðum félögum úr Rótarýklúbbi Kópavogs og væntanlegum klúbbfélögum.

Nýr Rótarýklúbbur í Kópavogi

Í Rótarýklúbbi Kópavogs hefur um nokkurt skeið verið rætt um að stofna nýjan rótarýklúbb í Kópavogi. Tvær höfuðástæður þess eru:

1. Að gefa konum sem áhuga hafa á að gerast rótarýfélagar í Kópavogi kost á að taka þátt í þessari völdugu alheimshreyfingu.
2. Að fundartími klúbbsins yrði á þeim tíma sem hentaði mörgum betur en sá tími sem rótarýklúbburinn nú heldur fundi sína á en það er á þriðjudögum í hádeginu.

Rótarý er hreyfing manna og kvenna úr atvinnulífi og opinberu lífi, nokkurs konar þversnið af samfélaginu. Félagar eru fulltrúar fyrir starfsgrein sína í klúbbnum. Þessi alþjóðlegu samtök standa fyrir mannúðarstarfi, stuðla að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetja til góðvildar og friðar í heiminum. Kjörorð hreyfingarinnar er: „Þjónusta ofar eigin hag“ („Service above self“). Ánægjuleg kynni og vinsamleg samskipti eru eitt af höfuðmarkmiðið í starfi rótarýs, glaðværð, hlýleg og hollvænleg kynni. Rótarýfélagi skal vera fulltíða persóna, vel metin í starfi og virt af athöfnum sínum og gegna ábyrgðarmiklu embætti fyrir virta

stofnun eða fyrirtæki.

Þessi nýi klúbbur verður blandaður klúbbur, jafnt fyrir karla sem konur. Nokkur hópur félaga í Rótarýklúbbsi Kópavogs hefur lýst áhuga á að gerast stofnfélagar í nýja klúbbum. Stjórn R.K. skipaði nefnd þriggja félaga til að kanna undirtektir og vinna að undirbúningi málsins. Í vinnunefndinni voru: Kristján Guðmundsson, Guðmundur Ólafsson og Kristófer Þorleifsson. Sú nefnd hefur fyrir nokkru skilað af sér og fengið eftirfarandi rótarýfélaga og áhugasama væntanlega rótarýfélaga til að vinna að frekari undirbúningi stofnunar klúbbsins: Gottfreð Árnason, Snorra S. Konráðsson, Sigurrósu Þorgrímsdóttur, Guðlaugu B. Guðjónsdóttur og Margræti Friðriksdóttur.

Þessi undirbúningsnefnd hefur unnið að málinu undanfarnar vikur og notið aðstoðar fyrri nefndar klúbbsins og útbreiðslunefndar rótarýumdæmisins undir forystu fyrrverandi umdæmisstjóra Jóns Hákonar Magnússonar en auk hans voru í nefndinni Margræt Theódórsdóttir og Skúli Þórsson. Þórdís Árnadóttir á skrifstofu Rótarýs í Reykjavík hefur auk þess lagt okkur gott lið.

Tillögur undirbúningsnefndarinnar eru þessar í stórum dráttum.

1. Nafn klúbbsins: Rótarýklúbburinn Borgir, Kópavogi.
2. Fundarstaður: Félagsheimili Kópavogs.
3. Fundardagur: Fimmtudagar.
4. Fundartími: Klukkan 7:45-8:45.
5. Veitingar: Morgunverður.
6. Stefnt að því að stofnfundur klúbbsins verði haldinn í Félagsheimilinu fimmtudaginn 13. apríl og hefjist klukkan 17:30 með léttum kvöldverði.

Að endingu kvaddi Snorri Þorsteinsson umdæmisstjóri sér hljóðs. Hann kvað ánægjulegt að hafa setið fundinn. Hann nefndi að Kársneskórinn hefði sett svip sinn á samkomuna og undirstrikað að við ættum fallega æsku og upplitsdjarfa og því skyldi á lofti haldið. Þá talaði Snorri um innra byrði rótarýklúbbsanna sem væri starfsemi þeirra og tengsl og kynni félagsmanna. Ytra byrðið kvað hann hins vegar vera starfsemi og verkefni rótarýhreyfingarinnar nær og fjær. Þá minnti hann á rótarýmerkið, tannhjólið sem sýndi að kraftar væru á ferð. Um leið og umdæmisstjóri afhenti borðfána rótarý rifjaði hann upp kjörorð hreyfingarinnar sem væri stefnuviti hennar: Rótarý byggir á festu, tiltrú og framþróun. Að síðustu sagðist umdæmisstjóri vera bjartsýnn m.a. í ljósi þess að í nýja klúbbinn hefði valist ungt og frískt fólk.

Þá var dagskrá stofnfundar Rótarýklúbbsins Borgir Kópavogi tæmd. Næsti fundur var boðaður fimmtudaginn 27. apríl kl. 7:45. Fundarefni þess fundar verður að Ásgeir Jóhannesson fyrrum umdæmisstjóri fjallar um málefni rótarýklúbbsanna.

Að endingu flutti forseti eftirfarandi ljóð:

Senn kemur vorið að sækja þig heim
með sólskin og rósir á vanga
lóur að sunnan og sólskin með þeim
um sumarnótt, draumfagra langa
já, elskaðu vorið og vonina geym,
þá verður þér spórlétt hver ganga.

Borgarness til forseta og ritara RBK um setu á umdæmisþingi Rótarý í júní á Bifröst í Borgarfirði.

Lárus Ársælsson ritari Rótarýklúbbs Akraness flutti kveðjur og árnaðaróskir frá Akranesi um leið og hann minnti á gildi þess fyrir klúbba að fá gesti í heimsókn og bauð hann rótarýfélaga velkomna á Skagann. Lárus sagði frá því að Skagamenn hefðu fyrstir klúbba fengið konu í rótarýklúbb á landinu. Loks afhenti hann forseta borðfána klúbbs síns og áletraðan penna að gjöf.

Sigmundur Guðbjarnarson forseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur flutti kveðjur og árnaðaróskir frá sínum klúbbi. Hann undirstrikaði að klúbbarnir þurfi að skila einhverju til samfélagsins og verða þannig sýnilegir, einnig í augum ungs fólks. Sigmundur kvað nauðsynlegt að hugleiða hvernig kraftar í rótarýklúbbum eru virkjaðir, hvernig starfsemi væri háttáð. Loks afhenti hann forseta borðfána klúbbs síns.

Sigurður Þorleifsson forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar flutti kveðjur frá klúbbi sínum. Hann rifjaði upp að það hefði tekið sig nokkurn tíma að venjast vikulegum fundum en með góðra manna hjálp hefði það tekist. Að fá hvatningu frá öðrum klúbbfélögum væri mikilvægt sérstaklega í byrjun. Sigurður sagði frá því að rótarýfélagar úr Kópavogi væru tíðir gestir þar syðra. Að endingu hvatti hann til fjölbreyttrar starfsemi og afhenti forseta borðfána klúbbs síns.

Gottfreð Árnason forseti RBK þakkaði hverjum ræðumanni hlýjar óskir og kveðjur og veitti borðfáninum klúbbanna viðtöku. Þá bað hann um góðar kveðjur í klúbbana.

Á stofnfundinn munu væntanlega mæta umdæmisstjóri Rótarýs á Íslandi, hr. Snorri Þorsteinsson, og ýmsir góðir gestir m.a. nokkrir fyrrverandi umdæmisstjórar Rótarýs á Íslandi, verðandi umdæmisstjóri, forsetar annarra rótarýklúbba og aðrir rótarýfélagar. Á fundinum verða væntanlega nýir rótarýfélagar teknir inn í nýja klúbbinn sem stofnfélagar.

Undirbúningsnefndin vill vinna að því að þessi ný klúbbur verði skemmtilegur klúbbur þar sem kostað verði kapps um að hafa fræðandi og skemmtilegt fundarefni í anda rótarýs og að traust vináttubönd geti tekist milli félaga klúbbsins.

Einkunnarorð rótarýs hljóða svo:

1. Er það satt og rétt?
2. Er það drengilegt?
3. Eykur það velvild og vinarhug?
4. Er það öllum til góðs?

Allir þeir sem hafa áhuga á að starfa í þeim anda í nýja klúbbnum eru boðnir velkomnir.

30. mars 2000.

F.h. undirbúningsnefndar
Gottfreð Árnason.

Stofnfundur á vegum Rótarýklúbbs Kópavogs vegna Rótarýklúbbsins Borgir Kópavogi

Stofnfundur Rótarýklúbbsins Borgir, Kópavogi var tvíþættur. Annars vegar fór fram fundur á vegum Rótarýklúbbs Kópavogs þar sem ný klúbburinn var stofnaður. Hins vegar var haldinn

stofnfundur Rótarýklúbbsins Borgir, Kópvogi þar sem áætlun um starfsemi klúbbsins var lýst og gestir tóku til máls. Fundurinn hófst með borðhaldi.

Stofnfundur á vegum Rótarýklúbbs Kópavogs fimmtudaginn 13. apríl kl. 17:30 í Félagsheimili Kópavogs.

Haraldur Friðriksson forseti Rótarýklúbbs Kópavogs setti fundinn og bauð félagi og gesti velkomna til stofnfundar nýs rótarýklúbbs í Kópavogi. Lýsti forseti því að Rótarýklúbbur Kópavogs væri móðurklúbbur nýja klúbbsins og ætti veg og vanda að stofnun hans í samvinnu við útbreiðslunefnd umdæmisins á Íslandi og umdæmistjóra. Fram kom að mjög hefði íbúum fjölgað í Kópavogi og væri nauðsynlegt að mæta löngun margra og stofna nýjan klúbb sem opinn væri konum og körlum. Brýna nauðsyn bæri til að konur væru í rótarýklúbbum í ljósi þess að klúbbarnir væru starfsgreinatengdir og ekki væri viðunandi að skilja starfsgreinar út undan vegna þess að konur væru þar í forustustörfum. Forseti þakkaði vinnunefnd Rótarýklúbbs Kópavogs og undirbúningsnefnd nýja klúbbsins vel unnin störf.

Jón Hákon Magnússon formaður útbreiðslunefndar Rótarýumdæmisins á Íslandi flutti ávarp að lokinni fundarsetningum forseta Rótarýklúbbs Kópavogs. Lagði Jón Hákon áherslu á að mikilvægur þáttur í vexti og viðgangi rótarýhreyfingarinnar væri að fjölga konum í klúbbunum. Hann gat þess að með stofnun nýja klúbbsins í Kópavogi fjölgaði konum um fjórðung í rótarý á landinu og yrðu í allt um eitt hundrað. Jón Hákon var ánægður með þennan áfanga og óskaði nýjum klúbbi velgengni í starfi sínu. Hann þakkaði vinnunefnd Rótarýklúbbs Kópavogs

afhenti forseta hans borðfána því til staðfestu.

Gottfreð Árnason forseti RBK las kveðjur sem höfðu borist frá Rótarýklúbbum Árbær Reykjavík og Inner wheel klúbbi Kópavogi. Þá lék Kjartan Sigurjónsson undir á píanó þegar fundargestir sungu við raust „Hvað er svo glatt...“. Ingvar Friðleifsson forseti Rótarýklúbbsins Breiðholt Reykjavík flutti báðum klúbbunum í Kópavogi hamingjuóskir og lýsti hann ánægju sinni með þátttöku kvenna í nýja klúbbnum. Ingvar kvað þá Breiðhyllinga búa við lög sem leyfðu konum aðild að klúbbnum en eigi vildu þeir frið rjúfa með aðild kvenna að svo stöddu. Þá minnti ræðumaður á hentuga kvöldfundi á mánuðögum í klúbbi sínum.

Þorvaldur Ólafsson forseti Rótarýklúbbs Keflavíkur flutti árnaðaróskir frá klúbbi sínum sem hann kvað vera karlklúbb er á næstu áratugum myndi breytast í klúbb karla og kvenna. Þorvaldur afhenti RBK borðfána klúbbs síns að gjöf.

Guðmundur Ámundason forseti Rótarýklúbbsins Straumur Hafnarfirði flutti árnaðaróskir frá klúbbi sínum. Hann nefndi ánægjulega heimsókn undirbúningsnefndar rótarý í Kópavogi um leið og hann hvatt til þess að í nýja klúbbnum yrði lögð áhersla á kynningu og að treysta bönd félagsmanna með hnitmiðuðu starfi. Um leið og Guðmundur afhenti forseta borðfána klúbbs síns óskaði hann þess að RBK yrði öflugur klúbbur.

Magnús Þorgrímsson Rótarýklúbbi Borgarness færði nýjum klúbbi í Kópavogi hamingjuóskir. Hann minnti á gildi rótarý sem m.a. fælist í að fólk úr ólíkum áttum kynntist og kynnti sig. Magnús afhenti forseta borðfána klúbbs síns og ítrekaði boð Rótarýklúbbs

46% af klúbbum á Íslandi. Um leið og forseti þakkaði vinnunefnd Rótarýklúbbs Kópavogs fyrir vel unnin störf ítrekaði hann að tilgangur með stofnun Rótarýklúbbsins Borgir væri að gefa konum kost á aðild jafnframt því að starfrækja klúbb í Kópavogi sem héldi fundi sína að morgni. Loks sagði forseti að hann hefði trú á að starf Rótarýklúbbsins Borgir gengi vel þegar hann hefði samstarfsfólk sitt í huga. Þessu næst gaf forseti orðið frjálst.

Anna Sigríður Pálsdóttir Rótarýklúbbum Miðborg Reykjavík var sérstakur gestur undirbúningsnefndar. Hún sagði frá kynnum sínum í æsku af rótarý er hún sótti samkomur á vegum klúbbs föður síns og hve mikilvægt var að hitta jafnvel föður sinn í öðru umhverfi en venjulegt var. Anna Sigríður lýsti þeirri skoðun sinni að tengsl karla og kvenna í rótarýklúbbi væru mikilvæg. Hún hvatti til tengsla við fjölskyldur rótarýfélaga og afkomendur þeirra. Að lokum flutti ræðumaður kveðjur frá Rótarýklúbbum Miðborg Reykjavík.

Pétur M. Þorsteinsson félagi í Rótarýklúbbi Kópavogs og einn af stofnendum hans og fyrrum umdæmisstjóri kvaðst telja að rótarýhreyfingunni hefði vaxið styrkur með stofnun nýja klúbbsins í Kópavogi og væri hann af fjárhagslegum, siðferðilegum og félagslegum toga. Þá fór Pétur nokkrum orðum um gott auga sitt fyrir kvenfólki og að fáir slægu sér við í þeim efnum. Að lokum flutti þessi áttæði heiðursmaður nýja klúbbum bestu heillaóskir sínar.

Páll Ólafsson forseti Rótarýklúbbs Mosfellssveitar flutti kveðjur og árnaðaróskir frá klúbbi sínum. Páll lýsti því að hann væri sérlega ánægður með hlut kvenna í nýja klúbbum og óskaði klúbbfélögum til hamingju með stofnun Rótarýklúbbsins Borgir og

og undirbúningsnefnd nýja klúbbsins gott samstarf við undirbúning að stofnun nýja klúbbsins.

Snorri Þorsteinsson umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi fagnaði nýjum áfanga í sögu rótarý á Íslandi og því að enn bættist við þann flokk sem ynni að eflingu rótarýhreyfingarinnar og að gera hugsjónir hennar sýnilegar. Umdæmisstjóri kallaði því næst nýja félagi í rótarýhreyfingunni á svið og afhenti þeim barmmerki til staðfestingar á aðild þeirra að nýjum rótarýklúbbi í Kópavogi. Eftirtaldir nýir félagar bættust í rótarýhreyfinguna við athöfnina: Anna Sigríður Einarsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Baldur Sæmundsson, Birna Bjarnadóttir, Garðar Cortes, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Guðrún S. Eyjólfsdóttir, Gunnar Stefánsson, Halla Halldórsdóttir, Halldór Lárusson, Hilmar Björgvinsson, Íris Kristjánsdóttir, Lára Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Friðriksdóttir, Málfríður K. Kristiansen, Ólína Sveinsdóttir, Ólöf Þorvaldsdóttir, Ragnar Th. Sigurðsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sveinsína Ágústsdóttir, Þorgerður Aðalsteinsdóttir og Þóra Ásgeirsdóttir. Auk þessara nýju rótarýfélaga munu eftirtaldir gerast félagar Rótarýklúbbsins Borgir við fyrsta tækifæri: Ásgeir Friðgeirsson, Bergljót S. Sveinsdóttir, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Guðrún Lára Magnúsdóttir, Magnús Jóhannsson, Stefán Björnsson og Valgerður Snæland Jónsdóttir. Hafdís Karlsdóttir sat fundinn en væntanlegur fundartími klúbbsins hentar henni ekki.

Eftirtaldir félagar úr Rótarýklúbbum Kópavogs er gerðust stofnfélagar í nýja klúbbum voru viðstaddir: Gísli Norðdahl, Gottfreð Árnason, Guðmundur Þórðarson, Kjartan Sigurjónsson, Kristján Guðmundsson, Ólafur Guðmundsson, Páll Hannesson, Sigurður Steinþórsson og Snorri S. Konráðsson. Eftirtaldir

félagar í Rótarýklúbbsi Kópavogs hafa einnig óskað eftir aðild að Rótarýklúbbsnum Borgir: Guðjón Magnússon, Magnús Einarsson og Þórður Helgason.

Að lokum bauð umdæmisstjóri nýja féлага velkomna í rótarý-hreyfinguna, óskaði nýja klúbbsnum velfarnaðar í starfi og lýsti því yfir að forseta og ritara nýja klúbbsins væri boðið að sækja umdæmisþingið í júní.

Kársneskórinn undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur við undirleik Marteins Hunger Friðrikssonar steig á svið og flutti nokkur lög við góðar undirtektir fundarmanna.

Forseti gaf Kristjáni Guðmundssyni næst orðið og mælti hann fyrir hönd vinnunefndar Rótarýklúbbs Kópavogs. Kristján sagði frá störfum vinnunefndarinnar sem hafði m.a. heimsótt aðra klúbba sem nýlega hafa verið stofnaðir og þaðan þáði vinnunefndin góð ráð vegna stofnunar nýja klúbbsins í Kópavogi. Undirbúningsvinna nefndarinnar stóð í um tvö ár. Kristján þakkaði umdæminu á Íslandi samstarf við stofnun klúbbsins. Einnig þakkaði hann stjórn Rótarýklúbbs Kópavogs hennar þátt í undirbúningsvinnunni, útbreiðslunefnd og forsvarsmönnum rótarýklúbbsa sem veittu liðsinni sitt. Að lokum lýsti Kristján yfir því að eftirtaldir skipuðu stjórn nýja klúbbsins fyrsta starfsár hans: Gottferð Árnason verður forseti, Sigurrós Þorgrímsson varaforseti, Snorri S. Konráðsson ritari, Guðlaug B. Guðjónsdóttir gjaldkeri og Margrét Friðriksdóttir stallari. Kosning næstu stjórnar klúbbsins fer hins vegar fram á hefðbundinn hátt samkvæmt lögum rótarý.

Þegar hér var komið sögu afhenti Haraldur Friðriksson forseti Rótarýklúbbs Kópavogs nýja klúbbsnum 100.000 króna gjöf og borðfána sem Gottferð Árnason forseti Rótarýklúbbsins Borgir Kópavogi tók við. Að því búnu var fundi Rótarýklúbbs Kópavogs slitið.

Stofnfundur Rótarýklúbbsins Borgir Kópavogi

Forseti Rótarýklúbbsins Borgir setti fund og bauð nýja sem eldri rótarýféлага og boðsgesti velkomna. Hann kvað Rótarýklúbbs Kópavogs hafa staðið vel að undirbúningi stofnunar nýja klúbbsins og þakkaði öllum sem að því máli unnu fyrir vel unnin störf og Rótarýklúbbsi Kópavogs fyrir ríflegan heimamund og góðar óskir. Forseti líkti verkefnum í nýjum klúbbsi við hlutverk nýgiftra hjóna þar sem allir er hlut eiga að máli verða að leggja sig fram við að móta félagsskapinn. Um nýjan klúbbs þyrfti að leika nýr blær og ferskir vindar blása um sali.

Forseti bar upp eftirfarandi tillögur sem samþykktar voru samhljóða:

1. Nafn: Rótarýklúbbsurinn Borgir Kópavogi.
2. Fundarstaður: Félagsheimili Kópavogs.
3. Fundartími: Fimmtudagar klukkan 7:45-8:45.

Til fróðleiks rifjaði forseti upp að mánaðardagurinn 13. væri stofndagur Rótarýklúbbs Reykjavíkur sem stofnaður var 1934 fyrstur rótarýklúbbsa á Íslandi. Nú væru 28 klúbbsar í umdæmi 1360 og 13 af þeim héldu fundi sína á fimmtudögum eða um